Íslenska er alls konar

Eiríkur Rögnvaldsson
uppgjafaprófessor og málfarslegur aðgerðasinni

MENNING Á MIÐVIKUDÖGUM, BÓKASAFNI KÓPAVOGS 16. NÓVEMBER 2022

Málfarsleg tvíhyggja

- Við erum flest alin upp við málfarslega tvíhyggju
  - að eitt málbrigði sé **rétt** en öll önnur **röng**
- Þetta litar afstöðu okkar til hvers kyns tilbrigða í máli
  - gerir okkur einsýn, dómhörð og jafnvel fordómafull
- En íslenskan er alls konar – á sér ótal tilbrigði
  - sem verða að fá að blómstra ef hún á að lifa til frambúðar
- Mikilvægasta málræktin felst í umburðarlyndi
  - jákvæðni gagnvart tilbrigðum og virðingu við mál annarra
- Hér verða tekin þrenns konar dæmi um tilbrigði í máli

Hvað er „rétt mál“?

- Óorðaðar skilgreiningar margra á réttu og röngu:
  - Rétt mál er það sem mér var kennt að væri rétt mál
  - Ástæðan fyrir því að þetta er rangt er sú að það hefur verið kennt svo lengi að það sé rangt
- Halldór Halldórsson prófessor (*Stígandi* 1943):
  - „Það mætti því segja, að það eitt sé rétt mál, sem hlotið hefir þá viðurkenningu að vera rétt mál“
- Baldur Jónsson prófessor (*Morgunblaðið* 1973):
  - „Ef venjur máls eru virtar er málið *rétt*. Ef þær eru brotnar er málið *rangt*. Svo einfalt er þetta“

Skilgreining byggð á málvenju

- Nefnd um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum, skipuð af menntamálaráðherra, 1986:
  - Nauðsynlegt er að átta sig vel á því að **rétt mál** er það sem er í samræmi við málvenju, **rangt** er það sem brýtur í bága við málvenju.
  - [Þ]að er í samræmi við meginstefnuna í málvernd að reyna að sporna gegn nýjum málsiðum með því að benda á að þeir séu ekki í samræmi við gildandi málvenjur.
  - [M]eð málvenju er ekki átt við einstaklingsbundin tilbrigði í máli. Tiltekið atriði getur ekki orðið rétt mál við það eitt að einn maður temji sér það.

En hvað er málvenja?

- Hvernig á að skilgreina málvenju?
  - engin opinberlega viðurkennd skilgreining til
  - en stungið hefur verið upp á eftirfarandi viðmiðum:
- Tiltekin nýjung er þá og því aðeins orðin málvenja að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
  - hún hefur komið upp fyrir 20 árum eða meira
  - hún er farin að sjást í rituðu máli
  - nokkur fjöldi fólks hefur hana í máli sínu
  - börn sem tileinka sér hana á máltökuskeiði halda henni á fullorðinsárum

Fimmtíu tilbrigði sem amast er við

- Það var beðið mig að fara
- Ég var að versla mér mat
- Keyptu þetta fyrir mig
- Þetta er maður sem að ég þekki
- Þau funda daglega
- Hann réði ekki við þetta
- Mikið af fólki kom á fundinn
- Við hittumst ekki ósjaldan, jafnvel oft í viku
- Þetta gerðist í lok síðasta áratugs
- Hann hefur alltaf verið sjálfs síns herra
- Gerið svo vel að rétta upp hend
- Viltu dingla fyrir mig?
- Ég vill ekki gera þetta
- Svona er þetta á hinum Norðurlöndunum
- Henni tókst að forða slysi
- Ég gæti hafa gert þetta
- Ég ætla að fá blöndu af báðu
- Ég kynnti hana fyrir þessari bók
- Verðbólgan sígur upp á við
- Þannig mönnum er ekki treystandi
- Ég á von á að tapa þessu
- Hárið mitt er farið að þynnast
- Flokkurinn sigraði kosningarnar
- Tíu smit greindust í gær
- Markvörður Selfossar stóð sig vel
- Ég geri mikið af því að lesa
- Hann er alveg eins og pabbi sinn
- Mér bar gæfa til að fallast á þetta
- Ég er að spá í þessu
- Settu sneiðina í ristavélina
- Ég var boðinn í mat
- Opnunartíminn hefur verið lengdur
- Verslunin opnar klukkan 9
- Þetta hefur ollið miklum vandræðum
- Ég þarf að mála hurðarnar
- Ég er að fara erlendis
- Ég er votur í fæturnar
- Gatan er lokuð vegna lagningu malbiks
- Þeir töluðu illa um hvorn annan
- Ég opnaði hurðina og lokaði henni aftur
- Ég sá bæði Kasper og Jesper og Jónatan
- Ég er að fara eitthvert út í buskann
- Það er verið að byggja nýjan veg
- Þau tóku sitthvora bókina
- Ég fór í kröfugöngu á fyrsta maí
- Gæði þessarar vöru eru léleg
- Ég senti bréfið í gær
- Ég svaf illa í gærnótt
- Göngum yfir brúnna
- Mér langar í þessa bók
- – og svo framvegis …

„Málvillur“

- Þetta eru klassískar „málvillur“ – málbrigði sem flest
  - hafa verið talin röng í kennslu og kennslubókum
  - eru tíðir gestir í samræmdum könnunarprófum grunnskóla
- En eru samt flest eða öll
  - meira en 20 ára gömul
  - vel þekkt í rituðu máli
  - eðlilegt mál fjölda fólks
  - ekki bundin við mál barna á máltökuskeiði
- Ættu því að teljast „rétt mál“ samkvæmt skilgreiningu

Breytt viðmið um „rétt“ og „rangt“

- Venjulegt mál almennings hefur fjarlægst viðmiðin
  - þau eru iðulega í andstöðu við málkerfi málnotenda
  - sem þurfa því að læra einstök atriði utanbókar
  - og læra þau stundum alls ekki
- Þetta getur dregið kjark úr nemendum
  - þeim finnst þau ekki kunna íslensku
  - finnst þau ekki eiga hlutdeild í málinu
- Hættan er sú að þau snúi sér að ensku í staðinn
  - þess vegna er brýnt að færa viðmiðin nær venjulegu máli

Íslenska og útlendingar

- Ísland var mjög lengi eintyngt samfélag
  - fólk heyrði nánast aldrei „ófullkomna“ íslensku
- Við kunnum ekki að bregðast við íslensku útlendinga
  - stoppum fólk með óumbeðnum leiðréttingum
  - eða skiptum yfir í ensku þótt viðmælandinn tali íslensku
- Útlendingar í þjónustustörfum verða oft fyrir aðkasti
  - vegna skorts á íslenskukunnáttu
- Íslenska er líka stundum notuð til að mismuna fólki
  - á ómálefnalegan hátt, t.d. á vinnumarkaði

Íslenska með hreim

- Fólki með annað móðurmál fer ört fjölgandi
  - verður jafnvel helmingur fólks á vinnumarkaði eftir 30 ár
- Til gætu orðið samfélög þar sem íslenska er ekki notuð
  - fólk fast í láglaunastörfum, börnin falla brott úr skólum
- Þetta er ógn við íslenskuna – en líka við lýðræðið
  - býður heim ýmsum vandamálum eins og erlend dæmi sanna
- Við **verðum** að kenna innflytjendum íslensku
  - en jafnframt venja okkur við íslensku með erlendum hreim
  - ófullkomnar beygingar, óvenjulega orðaröð o.þ.h.

Kynjahalli málsins – karllægni

- Karlkyn lo., fn. og to. er oft notað sem „hlutlaust“ kyn
  - *allir eru velkomnir, fjórir eru slasaðir, enginn er ómissandi*
  - fyrir því eru sögulegar ástæður aftan úr indóevrópsku
- Flest starfs- og hlutverksheiti eru karlkyns
  - *formaður, vísindamaður; forstjóri; skipherra; barþjónn*
  - *tölvunarfræðingur, heimspekingur; kennari, ljósmyndari*
- Orðið *maður*: almenn vísun og andstæða við *kona*
  - *maðurinn er spendýr; menn hafa áhyggjur af stöðunni*
  - *menn og konur; maðurinn minn; ég hitti mann í gær*

Andóf gegn karllægni málsins

- Hvorugkyn notað í hlutlausri merkingu í stað karlkyns
  - *öll velkomin; fjögur eru slösuð / fernt er slasað*
- Merkingarlegt samræmi notað í stað málfræðilegs
  - *ráðherrann var viðstödd; kennari leidd út í járnum*
- Seinni liðurinn *-fólk* notaður í stað *-menn* í starfsheitum
  - *björgunarfólk, lögreglufólk, hestafólk; iðnaðarfólk, sjófólk*
- Tekin upp önnur orð í stað *maður* í hlutlausri merkingu
  - *manneskja* (*ársins*); *man* (*alþingisman*); *menni*
- Búin til orð um kynsegin fólk

Kynsegin íslenska

- Nú er viðurkennt að kynin séu fleiri en tvö
  - sumt fólk er **kynsegin**, hvorki karlkyns né kvenkyns
- Hvorugkynsfornafnið *það* hentar illa í vísun til fólks
  - hefur á sér neikvæðan eða niðrandi blæ
- Nýtt fornafn, *hán*, má nota í vísun til fólks í stað *það*
  - hliðstætt *hann* og *hún* – beygist *hán*, *hán*, *háni*, *háns*
- Að auki hafa verið búin til nokkur kynsegin nafnorð
  - *kvár* (hliðstætt *karl*, *kona*) *stálp* (hliðstætt *stelpa*, *strákur*)
  - *bur* (gamalt orð gert hvorugkyns til nota í kenninöfnum)

Alls konar íslenska

- Við erum flest íhaldssöm á íslenskuna – eðlilega
  - finnst hún eigi að vera eins og við ólumst upp við
  - og eins og okkur var kennt að hún ætti að vera
- Við þurfum ekkert að breyta okkar eigin málnotkun
  - frekar en við viljum og getum – það er ekki einfalt
- En við megum ekki fordæma mál annarra
  - þrátt fyrir að það sé öðruvísi en við teljum æskilegt
  - krafa um einsleitni geldir málið og drepur að lokum
- Sýnum umburðarlyndi, tillitssemi og virðingu!

Íslenska er alls konar – takk fyrir áheyrnina!

eirikur@hi.is, eirikur.rognvaldsson@gmail.com

https://uni.hi.is/eirikur/ritaskra/malfarspistlar
https://www.facebook.com/groups/malspjall/